



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2020

2012013SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda dags. 23. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um ofangreind drög að frumvarpi.

Með frumvarpinu er lagt til að það verði meginregla að stjórnvöld, þar á meðal sveitarfélög, sendi gögn til einstaklinga og lögaðila með rafrænum hætti í gegnum stafrænt pósthólf. Sú aðferð mun hafa sömu réttaráhrif og þegar gögn berast með bréfpósti eða með öðrum hætti.

Sambandið styður ofangreinda nálgun og að einstaklingar og lögaðilar geti nálgast samskipti sín við bæði ríki og sveitarfélög á einum stað. Ekki er gerð athugasemd við frumvarpið en sambandið vill þó ítreka mikilvægi þess að átt sé gott samstarf við sambandið við útfærslu á stafrænu pósthólfi strax á upphafsstigum svo þarfir sveitarfélaga séu hafðar í huga við hönnun og útfærslu þess. Til dæmis felast tækifæri í því að forsjáraðilar barna hafi aðgang að gögnum í stafrænu pósthólfi þegar forsjáraðilar deila ekki lögheimili og því er mikilvægt að reynsla og þekking sveitarfélaga sé til staðar við hönnun kerfisins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri